

## Fyrirspurn

til sjávarútvegsráðherra um grásleppuveiðar.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hversu miklu af grásleppu var landað af þorsknetabátum á sl. vetrarvertíð, skipt eftir veiðisvæðum?
2. Til hvaða ráðstafana verður gripið á næstu vertíð til að koma í veg fyrir annars vegar veiðar og löndun þorskanetaflotans og annarra veiðiskipa án grásleppuveiðileyfis á grásleppu og hins vegar grásleppuveiði utan veiðitíma?
3. Telur ráðherra að gætt sé jafnræðis við sviptingu veiðileyfa vegna of mikils meðafla (kvótasettra tegunda) grásleppubáta annars vegar og þorsknetabáta hins vegar?

**Skriflegt svar óskast.**